



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Austurströnd 5 170 Seltjarnarnesi
sími: 520 5000 bréfasími: 520 5019
fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

15. febrúar 2022

Umsögn um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (samfélagsþjónusta ungra brotamanna), 202. mál

Fangelsismálastofnun vill koma að athugasemdum við frumvarp til laga um almenn hegningarlög sem snýr að samfélagsþjónustu ungra brotamanna. Góð reynsla hefur verið af samfélagsþjónustu hér á landi. Rannsóknir hafa sýnt að endurkomutíðni þeirra sem afplána fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu er mun lægri en hjá þeim sem afplána refsingu í fangelsi. Um er að ræða gríðarlega mikilvægt fullnustuúrræði sem gefist hefur afar vel. Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta allt að 24 mánaða óskilorðsbundið fangelsi með samfélagsþjónustu. Í greinargerð með frumvarpi þessu var sagt að refsingin mætti vera allt að 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi en vert er að taka fram að með lögum nr. 98/2021 var því breytt til bráðabirgða í 24 mánuði.

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 má ákveða í dómi að fresta skuli með skilyrðum um tiltekinn tíma ákvörðun um refsingu eða fullnustu refsingar. Frestun skal vera bundin því skilyrði að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum en jafnframt má binda frestun öðrum skilyrðum, skv. 1-6. tölul. 3. mgr. 57. gr. Þar segir að hægt sé að setja aðila skilyrði um að sæta umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar, að hlíta fyrimælum umsjónarmanns um dvalarstaði, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómsunda, að neyta ekki á skilorðstímanum áfengis eða deyfilyfja, að gangast undir að þola takmarkanir á umráðum yfir tekjum sínum eða öðru er fjárhag hans varðar eða greiða eftir getu fébætur fyrir tjón sem hann hefur valdið með broti sínu.

Flestir skilorðsbundnir dómar eru einungus bundnir því almenna skilyrði að aðilar gerist ekki sekir um nýtt brot á skilorðstímanum, skv. 3.mgr. 57. gr. alm. hgl. Hefur þessu verið líkt við að mönnum sé gefið gula spjaldið og haldi þeir skilyrðið kemur ekki til frekari aðgerða af hálfu dómstóla.

Sjaldgæft er að dómar séu bundnir sérskilyrðum, skv. 1.-6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Fangelsismálastofnun hefur áður bent á að hér sé um að ræða vannýtta heimild sem ætti að vera hægt að beita í meira mæli. Ljóst er að sérskilyrðin eru til staðar í lögnum en hægt væri að nýta þau t.d. þegar um er að ræða unga brotamenn sem eiga við neysluvanda að stríða og þurfa á sértækum stuðningi og aðhaldi að halda. Nauðsynlegt er þó að efla slík stuðningsúrræði og þær stofnanir og sveitarfélög sem eiga að sinna því hlutverki svo að vel sé. Fangelsismálastofnun telur að beiting sérskilyrða hjá slíkum brotamönnum á aldrinum 15-21 árs, s.s. umsjón einstakra manna eða stofnana og bann við notkun áfengis- og deyfilyfja geti haft meiri varnaðaráhrif og uppeldislegt gildi í stað samfélagsþjónustu þegar um er að ræða skilorðsbundna dóma, þótt það úrræði nýtist mjög vel þegar um er að ræða óskilorðsbundna dóma þar sem það kemur í stað afplánunar í fangelsi.

Með samfélagsþjónustu eru menn látnir vinna tiltekin störf í þágu samfélagsins og getur slíkt vissulega haft ákveðið uppeldislegt gildi. Hins vegar er ekki almennt unnið sérstaklega með sértækan vanda þeirra einstaklinga meðan á henni stendur en að mati Fangelsismálastofnunar væru sérskilyrði skv. 57. gr. alm. hgl. um umsjón og eftirlit ásamt vímuefnaskilyrði almennt betur til þess fallin að styðja við þá ungu brotamenn sem þurfa á slíkri aðstoð að halda.

Eins og að framan greinir er unnt að fullnusta allt að 24 mánaða fangelsi með ólaunaðri samfélagsþjónustu og gefur því auga leið að margir ungir dómþolar taka refsingu sína út með slíkum hætti í stað þess að fara í fangelsi. Með því að leggja til að ungum brotamönnum á aldrinum 15-21 árs verði gert að sæta samfélagsþjónustu sem viðbótarskilyrði við skilorðsbundna dóma er mögulega verið að þyngja skilorðsbundna refsingu að óþörfu, frekar en að beita sérskilyrðum 1-6. tölul. þegar þörf er á þeim.

e. u.

